

Fréttaskot til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 7. tbl. 12. árg

Skólalok 2023

Góðan dag kæru forráðamenn Glerárskóla

Nú er skólaárið senn á enda og sumarið framundan. Hér kemur stutt fréttaskot til að minna á síðustu daga skólaársins og einnig koma hér upplýsingar varðandi komandi skólaár.

Skólastarfi í Glerárskóla lýkur þann **6. júní** komandi en hefst aftur **22. ágúst** næstkomandi. Þangað til vonum við að allir eigi gleðilegt og gott sumar og komi endurnærðir til skólastarfs í ágúst.

Föstudagur 2. júní 2023 - Uppbrotsdagur - Skóli frá 8:15 - 13:15 - Frístund opin til 16:15

Mánudagur 5. júní 2023 - Uppbrotsdagur - Skóli frá 8:15 - 13:15 - Frístund opin til 16:15

Þriðjudagur 6. júní 2023 - Skólaslit (sjá neðar) - Frístund opin milli 8:00 og 9:00

Að venju bendum við öllum á að lesa fréttaskotið vel og fylgjast með tölvupóstum og heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega.

Við þökkum enn og aftur fyrir frábært samstarf á liðnu skólaári, óskum öllum gleði í sumar og hlökkum til að hefja nýtt skólaár 22. ágúst 2023.

Kveðjur frá stjórnendum Glerárskóla, Eyrúnu, Helgu og Tómasi



Starfsmannahald - breytingar

Nokkrir starfsmenn hætta störfum við skólann á þessu vori. Það eru:

Aðalbjörg María Ólafsdóttir

Guðrún Þóra Björnsdóttir

Helga Halldórsdóttir

Sunna Árnadóttir

Við þökkum þeim fyrir farsæl störf í þágu skólans og óskum þeim alls hins besta á nýjum vettvangi.

Nýráðningar við skólann eru:

Arna Ýr Guðmundsdóttir umsjónarkennari

Guðrún Hanna Sigurjónsdóttir umsjónarkennari

Hrafnhildur Guðjónsdóttir deildarstjóri

Umsjónarkennarar skólaárið 2023-2024

1. bekkur	Hólmfríður Guðnadóttir
2. bekkur	Anna Sigríður Halldórsdóttir og Inga Huld Pálsdóttir
3. bekkur	Ingibjörg Björnsdóttir og Heimir Freysson
4. bekkur	Helga Ingadóttir
5. bekkur	Hulda Björk Snæbjörnsdóttir og Jóhann Ingi Einarsson
6. bekkur	Elín Elísabet Magnúsdóttir og Esther Gunnveig Gestsdóttir
7. bekkur	Íris Dröfn Hafberg
8. bekkur	Arna Ýr Guðmundsdóttir og Ragnar Logi Búason
9. bekkur	Karen Jóhannsdóttir og Sveinn Leó Bogason
10. bekkur	G. Sigríður Víkingsdóttir og Guðrún Hanna Sigurjónsdóttir

Helstu atburðir í júní 2023

Júní 2023	
1. júní	Uppbrotsdagar - skólastarf til 13:15 hjá nemendum
5. júní	Uppbrotsdagur - skólastarf til 13:15 hjá nemendum - Vorhátíð milli 11:30 - 13:00
6. júní	Skólaslit (nánar neðar)



„Sólin kemur hversu löng sem vetrarnóttin er.”
Höf. óþekktur

Skólaslit 2023

Þriðjudaginn 6. júní 2023 verða skólaslit í Glerárskóla.

Nemendur í 1. – 7. bekk mæta í stofur, þaðan er gengið í röð í íþróttasal þar sem formleg slit fara fram. Að þeim loknum fara nemendur aftur í röð í stofur þar sem umsjónarkennarar kveðja. Frístund verður opin milli 8:00 - 9:00 en eftir skólaslitin er komið sumarfrí hjá nemendum.



Skólaslit 8. - 10. bekkjar verða í Gleráarkirkju sama dag klukkan 16:00. Á eftir slitunum verður nemendum 10. bekkjar, forráðamönnum þeirra og starfsfólki, boðið í kaffi og kökur í safnaðarheimili kirkjunnar.

Skólaslitin verða sem hér segir:

- Kl. 9:00: 1. – 4. bekkur mætir í heimastofur - að loknum skólaslitum er sumarfrí
- Kl. 10:00 5. – 7. bekkur mætir í heimastofur - að loknum skólaslitum er sumarfrí
- Kl. 16:00 8. - 10. bekkur mætir í Gleráarkirkju - 10. bekkur ásamt aðstandendum – hátíðarstund, útskrift og **kaffiveitingar í boði 10. bekkjar Glerárskóla en forráðamenn 9. bekkja aðstoða við borðhald**. Að loknum skólaslitum fara nemendur í sumarfrí.

Vorhátíð í samstarfi við Foreldrafélag Glerárskóla

Vorhátíð Glerárskóla og Foreldrafélags Glerárskóla verður haldin mánudaginn 5. júní komandi kl. 11:30 - 13:00. Í boði verður að taka þátt í alls kyns skemmtun s.s. hjólaskoðun, andlitsmálningu, krítarteikningu, leikjum, sýningu á verkum nemenda og hestaferðum svo eitthvað sé nefnt. Grillaðar verða pylsur og að öllum líkindum veður gott veður.

Hátíðin verður staðsett austan við skólann við B-álmu og allir velunnarar skólans eru hjartanlega velkomnir ásamt nemendum og forráðamönnum.

Gleðjumst saman í lok skólaársins.



„Það er dýrt að lifa á þessari jörð, en það er innifalin ókeypis hringferð um sólina á hverju ári.”

Höf. ókunnur



Upphaf skólastarfs 2023-2024

Skólastarf í Glerárskóla 2023-2024 hefst **þriðjudaginn 22. ágúst 2023**. Nánar auglýst í ágúst.

Íslensku menntaverðlaunin 2023

Íslensku menntaverðlaunin 2023 verða veitt í nóvember komandi, fyrir framúrskarandi skóla- eða menntaumbótastarf, kennslu, þróunarverkefni, iðn- og verkmenntun, auk sérstakra hvatningarverðlauna. Hægt er að tilnefna til 1. júní!

Hvetjum alla til að skoða hvort ekki sé ástæða til að tilnefna.

Allar upplýsingar er að finna á <https://skolathroun.is/menntaverdlaun/>



Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en

í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

